

5x3 kg í skel með görn.

45—60 \$ 7,60 pr. kg Cif. Milano

60 og yfir \$ 5,60 — — — —

B 6x5 lbs. í skel með görn.

7—9 \$ 10,30 pr. lbs. Cif. U.S.A.

9—12 \$ 9,00 — — — —

12—15 \$ 8,10 — — — —

15—18 \$ 7,35 — — — —

18—24 \$ 6,55 — — — —

24—30 \$ 5,76 — — — —

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. maí 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ**um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.****1. gr.**

Jafna skal flutningskostnað sements þannig að kostnaðarverð í vöruskemmu á hverri sementstegund frá hverjum innlendum framleiðanda eða innflutningsaðila verði hið sama á þeim verslunarstöðum sem jöfnun þessi nær til.

2. gr.

Jöfnun flutningskostnaðar á sement nær til eftirtalinna verslunarstaða sem jafnframt eru aðaltollhafnir:

Reykjavík

Akranes

Ísafjörður

Siglufjörður

Akureyri

Húsavík

Seyðisfjörður

Neskaupstaður

Eskifjörður

Vestmannaeyjar

Keflavík

Keflavíkurflogvöllur

Hafnarfjörður

Auk þess nær jöfnun flutningskostnaðar á sementi til eftirtalinna verslunarstaða.

Borgarnes

Rifshöfn

Ólafsvík

Grundarfjörður

Stykkishólmur

Búðardalur

Skríðuland

Króksfjarðarnes

Patreksfjörður

Tálknafjörður

Bildudalur

Þingeyri

Flateyri

Suðureyri

Bolungarvík

Súðavík	Grenivík	Höfn í Hornafirði
Norðurfjörður	Grímsey	Kirkjubæjarklaustur
Hólmavík	Kópasker	Vík í Mýrdal
Óspakseyri	Raufarhöfn	Hella
Borðeyri	Þórshöfn	Hvolsvöllur
Hvammstangi	Bakkafjörður	Laugarvatn
Blönduós	Vopnafjörður	Stokkseyri
Skagaströnd	Borgarfjörður eystri	Eyrarbakki
Sauðárkrókur	Egilsstaðir	Selfoss
Hofsós	Reyðarfjörður	Hveragerði
Ólafsfjörður	Fáskrúðsfjörður	Þorlákshöfn
Dalvík	Stöðvarfjörður	Grindavík
Hrisey	Breiðdalsvík	Sandgerði
Svalbarðseyri	Djúpivogur	Gerðar

3. gr.

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allt sement sem framleitt er í landinu eða flutt er til landsins. Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

4. gr.

Viðskiptaráðuneytið ákveður flutningsjöfnunargjaldið fyrir allt að eitt ár í senn og skal upphæð þess við það miðuð að tekjur af því nægi til að greiða eftirtalinn kostnað við flutning frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til þeirra verslunarstaða sem jöfnun flutningskostnaðarins nær til:

a) Flutningur með skipum:

1. Útskipun.
2. Flutningsgjald.
3. Sjótrygging.
4. Uppskipun.
5. Flutningur frá skipshlið í vöruskemmu.
6. Vörugjald.

b) Flutningur með bifreiðum:

1. Flutningskostnaður, sem nægi til að greiða rekstrarkostnað bifreiða í þessum flutningum.

5. gr.

Tekjur af flutningsjöfnunargjaldi skal leggja í sérstakan sjóð, flutningsjöfnunarsjóð sements. Þeir aðilar, sem gera kröfur á hendur sjóðnum, skulu haga bókhaldi sínu þannig að fullnægjandi sé með tilliti til jöfnunar flutningskostnaðar.

6. gr.

Nú verður tekjuafgangur á flutningsjöfnunarsjóði í árslok og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum samkvæmt 4. gr. skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

7. gr.

Viðskiptaráðherra skipar til 4 ára í senn 3 manna stjórn flutningsjöfnunarsjóðs, einn eftir tilnefningu Sementsverksmiðju ríkisins og tvo án tilnefningar og skal

annar þeirra jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar. Stjórnin skal annast framkvæmd jöfnunar flutningskostnaðar á sementi undir yfirstjórn viðskiptaráðherra, sem jafnframt sker úr ágreiningsatriðum, sem upp kunna að koma.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé það, sem á hverjum tíma er í sjóðnum, á sérstökum bankareikningi og er hún ábyrg fyrir sjóðnum gagnvart viðskiptaráðuneytinu. Ennfremur skal hún skila ráðuneytinu árlega endurskoðuðu uppgjöri yfir sjóðinn.

9. gr.

Stjórn flutningsjöfnunar sjóðs úrskurðar, hvað teljast skuli flutningskostnaður, sbr. 4. gr. Er stjórninni meðal annars heimilt að ákveða, að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinnna verslunarstaða skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum, sem ódýrastir eru á hverjum tíma. Sömuleiðis skal stjórninni heimilt að synja um greiðslu tiltekinn kostnaðar úr sjóðnum að hluta eða að fullu, ef um misnotkun á jöfnunarkerfinu sýnist vera að ræða í tilteknum viðskiptum.

Heimilt er viðskiptaráðuneytinu að fella niður flutningsjöfnunargjald á sementi, sem flutt er til landsins eða framleitt er innanlands og notað er til byggingar orkuvera eða annarra meiriháttar framkvæmda. Flutningsjöfnunar sjóður greiðir þá ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

10. gr.

Kostnaður við stjórn sjóðsins, skrifstofuhald og endurskoðun, greiðist af fé sjóðsins og skal þá tekið tillit til þess við ákvörðun flutningsjöfnunargjaldsins.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 62, 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 78 frá 1. apríl 1974, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, og reglugerð nr. 202 frá 30. maí 1975 um breyting á þeirri reglugerð.

Viðskiptaráðuneytið, 25. apríl 1982.

Tómas Árnason.

Yngvi Ólafsson.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

Um gjaldskyldu.

Þeir aðilar sem hafa með höndum starfsemi samkvæmt 2. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. einnig 90. gr. þeirra laga, skulu greiða í ríkissjóð iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari.